



Leiðbeiningar varðandi förgun úrgangs og annað er tengist hæsnahaldi í Reykjavík

Úrgangur

1. Hæsnakofi, búr og útisvæði hæna skulu vera þannig útbúin að auðvelt sé að þrífa og fjarlægja úrgang sem til fellur. Þrífa skal minnst vikulega.
2. Fjarlægja skal hæsnaskít daglega.
3. Hæsnaskít og öðrum úrgangi skal komið fyrir í þéttum, vellokuðum sorppokum og fargað með almennu heimilissorpi.
4. Heimilt er að jarðgera úrgang frá hæsnahaldi í þéttu, meindýraheldu jarðgerðaríláti. Verði vart við lyktarmengun vegna slíkrar jarðgerðar skal tafarlaust hætta notkun úrgangsins og farga honum skv. 3. gr.
5. Með öllu er óheimilt að dreifa hæsnaskít beint í beð eða á lóð leyfishafa. Einungis er heimilt að nýta skítinn sem áburð undir trjáplöntur eða annan gróður sé hann grafinn a.m.k. 35 cm niður og svo hulinn jarðvegi.
6. Óheimilt er að urða fuglshræ á lóð leyfishafa.

Fóður

1. Fóður skal geymt í meindýraheldum ílátum sbr. ákvæði hæsnasamþykkar.
2. Hænur skulu fóðraðar með viðurkenndu fóðri sem hentar tegund og aldri fuglanna.
3. Heimilt er að nota grænmetisúrgang og brauðafganga frá heimilishaldi til að fóðra hænur. Fjarlægja skal óétna afganga að fóðrun lokinni. Ekki er heimilt að nýta annan matarúrgang frá heimilishaldi til fóðurs.
4. Fóður skal setja beint í þar til gerð ílát, ekki dreifa því á jörðina.
5. Til að minnka hættu á dreifingu sjúkdóma s.s. fuglaflensu, skal fóðrun fara fram inni í hæsnakofa eða undir skýli til að hindra aðgang villtra fugla að fóðri.

Aðann

1. Hæsnakofi skal hafa heila vegg og vera vel einangraður til að koma í veg fyrir að hávaði berist til nágrennahúsa.
2. Loftræstingu á hæsnakofa skal þannig háttað að sem minnst hætta sé á hávaða- og lyktarmengun.
3. Hænum skal haldið innandyra í myrkri frá kl. 21-07 alla daga. Hæsnakofi þarf að vera þannig útbúinn að hægt sé að koma í veg fyrir að birta komist inn.
4. Til að minnka líkur á að meindýr eða rándýr komist inn í hæsnagerði er æskilegt að grafa vírmet niður a.m.k. 15cm.
5. Tryggja þarf að hænur séu lausar við sníkjudýr. Veika eða slasaða fugla skal færa strax til umönnunar hjá dýralækni.